

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 21. febrúar 2007 í máli nr. E-124/2005:

K

(Puríður Kristín Halldórsdóttir hdl.)

gegn

M

(Valborg Þ. Snævarr hrl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 6. þessa mánaðar, er höfðað af K, á hendur M, með tveimur stefnum. Hin fyrri var birt 4. ágúst 2005 en þing var sótt af hálfu stefnda þegar hin síðari var þingfest 28. febrúar 2006.

Málin voru sameinuð í þinghaldi hinn 28. febrúar 2006.

Dómkröfur

Stefnandi krefst þess að núgildandi samkomulag aðila um forsjá drengjanna D, E, og F, verði fellt úr gildi og að henni verði með dómi einni falin forsjá drengjanna til 18 ára aldurs þeirra. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða einfalt meðlag með drengjunum frá uppkvaðningu dómsins til 18 ára aldurs þeirra. Stefnandi krefst þess einnig að dómurinn kveði á um inntak umgengnisréttar við drengina. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að viðbættum virðisaukaskatti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt krefst stefndi þess að dómurinn kveði á um inntak umgengnisréttar drengjanna við það foreldri sem ekki verður með forsjá þeirra. Loks krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti.

II

Málavextir

Aðilar málsins hófu sambúð á X á árinu 1986 og þau gengu í hjónaband á árinu 1995. Á árinu 2005 skildu þau lögskilnaði. Á sambúðartímanum fæddust

þeim börn sem öll voru að lögum talin börn stefnda. Í janúarmánuði 2005 var hjónaskilnaðarmál aðila tekið fyrir hjá sýslumanninum á X. Í endurríti úr sífjamálabók sýslumanns kemur fram að á þeim tíma hafi hluti barnanna verið ólögráða og að aðilar hafi verið sammála um að stefndi færi með forsjá þeirra. Jafnframt kemur fram að stefnandi myndi greiða einfalt meðlag með hverju barnanna þar til þau yrðu 18 ára.

Í lýsingu málavaxta kemur fram hjá stefnanda að hún hafi verið þess fullviss að stefndi væri ekki faðir yngsta drengsins sem fæddist árið R. Þá hafi hún ekki verið viss um að stefnandi væri faðir drengsins sem fæddist árið S. Stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda árið 2005 og krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að stefndi væri ekki faðir tveggja yngstu drengjanna. Dómur gekk í málinu 2006. Með dóminum var viðurkennt að stefndi er ekki faðir yngsta drengsins. Ekki hafa verið lögð fyrir dóminn gögn um að drengurinn hafi verið feðraður.

Stefnandi mun hafa farið af heimili aðila 2005 og hafa börnin frá þeim tíma, og síðar í samræmi við samkomulag aðila sem gert var við skilnað þeirra, búið hjá stefnda. Aðilar hafa ekki gert með sér skriflegt samkomulag um umgengni barnanna.

Hinn 28. janúar voru dómkvaddir sérfræðingar til að vinna sérfræðilega álitserð um aðila málsins og drengina sem mál þetta tekur til. Álitserð þeirra er dagsett 10. júní 2006.

III

Málsástæður og lagarök

Stefnandi byggir á því að við skilnaðinn hafi henni ekki verið kynnt nægilega hvað fælist í því að stefndi færi með forsjá barnanna. Hún hafi talið að betra væri fyrir börnin að vera áfram á heimili sínu til að byrja með en hún hafi talið að þetta fyrirkomulag ætti að vera til bráðabirgða á meðan hún væri að koma sér fyrir á nýju heimili.

Stefnandi heldur því fram að mikil og góð tengsl séu á milli sín og drengjanna sem og á milli drengjanna innbyrðis. Hún lýsir því að eftir umgengni við hana hafi drengirnir ekki viljað fara frá henni og grátið. Í ljósi þessara viðbragða svo og að teknu tilliti til tengsla drengjanna innbyrðis sé þeim fyrir bestu að henni verði falin forsjá þeirra, og vísar hún í því sambandi til 34. gr. barnalaga nr. 76/2003. Varðandi yngsta drenginn sérstaklega byggir stefnandi á því að stefndi sé ekki faðir hans og því sé eðlilegt með vísan til 29. gr. nefndra barnalaga að henni verði falin forsjá hans. Þá ítrekar stefnandi að með því að henni verði falin forsjá yngsta drengsins sé eðlilegt vegna tengsla drengjanna innbyrðis að henni verði einnig falin forsjá hinna drengjanna. Krafa þess efnis að dómari kveði á um umgengni og meðlag er reist á 35. gr. barnalaga.

Stefndi byggir kröfur sínar á 34. gr. barnalaga enda væri það andstætt hagsmunum drengjanna að fallast á kröfur stefnanda. Með því væri tekin mikil áhætta enda hafi drengirnir búið hjá stefnda frá skilnaði aðila og ekki hafi verið

sýnt fram á að illa fari um drengina hjá honum. Þá bendir stefndi á að á heimili hans búi einnig eldri systkini drengjanna og telur stefndi mikilvægt drengjanna vegna að systkinahópnum verði ekki sundrað.

Stefndi bendir á að D hafi alla tíð gengið í skóla á X þar sem honum gangi vel. Hann eigi sína féлага á X og þekki allt umhverfið vel. E hafi byrjað sína skólagöngu haustið 2005 og hann hafi aðlagast vel í skólanum. F sé í leikskóla á X þar sem honum líði vel. Stefndi bendir á að stefnandi búi í öðrum landshluta og augljóslega yrði það mikil röskun á skólagöngu og uppeldisumhverfi drengjanna ef fallist yrði á kröfur hennar. Telur stefndi slíka breytingu afar varhugaverða og beinlínis andstæða hagsmunum drengjanna.

Varðandi þá málsástæðu stefnanda að hún hafi ekki skilið hvað fólst í því að stefndi færi með forsjá drengjanna bendir stefndi á að í endurríti úr sífjamálabók sýslumannsins á X komi fram að gætt hafi verið leiðbeiningarskyldu samkvæmt barnalögum og undirritaði stefnandi þá bókun. Ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að bókun þessi sé röng. Fullyrðing stefnanda um annað breyti engu enda sé það drengjunum fyrir bestu að stefndi fari með forsjá þeirra.

IV

Álit dómkvaddra matsmanna

Að ósk stefnanda voru dómkvaddir matsmenn til að vinna sérfræðilega álitserð um aðila málsins og drengina. Þess var óskað að við matsgerðina yrðu skoðaðir sérstaklega og metnir persónulegir eiginleikar og hagir hvors aðila um sig, svo og drengjanna, tengsl aðila við drengina og önnur þau atriði sem talin eru upp í ellefu liðum og athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til 34. gr. barnalaga. Álitserð sálfræðinganna Helga Viborg og Einars Inga Magnússonar er dagsett 10. júní 2006. Matsgerð þeirra er ítarleg og lögðu matsmenn próf fyrir aðila og drengina eins og venja er við vinnslu slíkra álitserða. Þá áttu þeir viðtöl við aðila, drengina sem mál þetta snýst um svo og systkini þeirra. Í lok álitserðarinnar taka matsmenn saman niðurstöður sínar í tíu liðum og verður hér gerð grein fyrir því helsta.

Með tengslaprófi og viðtölum voru tengsl drengjanna við aðila málsins könnuð. Niðurstaðan var sú að tengsl drengjanna við foreldra virðast almennt góð. D hafi þó átt erfitt með að láta í ljós skýra tilfinningalega afstöðu gagnvart foreldrum sínum. Hann tengdist bræðrum sínum mest og eldri systrum nokkuð. Hann hafi látið í ljós skýran vilja sinn um að búa hjá föður. E hafi sýnt meiri tengsl við móður en föður. Hann sakni móður sinnar mikið og kvarti undan því að faðir hans sé strangur og aðhaldssamur í uppeldinu. Hann hafi lýst því að hann myndi sakna bræðra sinna mikið ef hann byggi einn hjá móður sinni. Helst vildi hann búa hjá móður sinni ásamt bræðrum sínum. Hann vildi heldur búa við óbreytt ástand en að búa einn hjá móður sinni. F hafi ekki sett fram afgerandi afstöðu um tengsl sín, sem sé skiljanlegt að teknu tilliti til aldurs hans. Hann virtist hafa jákvæð og góð samskipti við foreldra sína og systkini.

Við athugun á eiginleikum foreldra kom ljós að hvorugt er með einkenni geðsjúkdóma eða persónuleikaraskana. Greind beggja mældist í meðallagi og persónuleikapróf kom einnig vel út. Hins vegar var munur á sjálfsmati þeirra á eigin líðan og færni til að takast á við lífið. Þannig mat M færni sína og líðan innan

eðlilegra marka en merkja mátti væg einkenni kvíða og svefntruflana hjá K. Frekari athugun á kvíða og þunglyndi gaf samt ekki til kynna að um klínískt vandamál væri að ræða og í heildina gáfu sálfræðilegar prófanir ekki til kynna annmarka sem rýrðu foreldrahæfni aðila.

Í álitsgerðinni kemur fram að drengirnir búi nú hjá föður á heimili sem þeir hafi þekkt alla ævi. Ekki sé annað að merkja en að þeim líði vel þar og að þeir séu ánægðir með skóla og umhverfi sitt. Flutningur í annað umhverfi myndi án efa hafa talsvert rask í för með sér, sérstaklega fyrir D og E sem þá þyrftu að aðlaga sig að nýjum skóla og nýjum félögum.

Matsmenn taka fram að drengirnir séu greinilega afar samrýmdir og sækir mikinn stuðning hver í annan. Þá séu tengsl þeirra við eldri systur greinilega góð.

Það er mat matsmanna að aðilar séu báðir hæfir til að annast drengina og sjá fyrir daglegum þörfum þeirra. Aðstæður aðila til að rækja þetta hlutverk séu þó afar ólíkar. Stefndi búi í einbýlishúsi sem drengirnir hafi alist upp í. Tekjur hans séu þökkalegar og ættu að duga vel til framfærslu fjölskyldunnar. Hann virðist hafa gott innsæi í þarfir barna sinna og hefur góð tengsl við þau. Hann leggi áherslu á velferð þeirra, m.a. með því að hafa reglusemi varðandi matar- og svefntíma. Þá hafi hann ræktað samband við skóla og leikskóla. Aðstæður stefnanda hafi breyst mikið frá skilnaði og nokkur óvissa ríki um framtíðarhorfur hennar. Á þeim tíma sem matið var unnið bjó hún í lítilli leiguíbúð á N og vann við útburð blaða og solumennsku. Afkoma hennar hafi verið þökkaleg. Hún hafi haft í huga að flytja þaðan og nefnt V sem fyrirhugaðan dvalarstað. Fram hafi komið að hún hafi önnur sjónarmið til uppeldis en stefndi. Hún leggi áherslu á nánari tilfinningaleg samskipti fremur en stjórnsemi og aga. Reglusemi, svo sem varðandi svefntíma, leggi hún ekki áherslu á.

Matsmenn fjalla einnig um húsnæðismál aðila en þeim hefur verið lýst hér að framan. Fram kemur hjá þeim að stefndi hyggi ekki á breytingar á búsetu sinni.

Í álitsgerðinni kemur fram að liðsinni vandamanna hafi ekki verið kannað sérstaklega með viðræðum við ættingja og vandamenn. Aðstæður aðila séu ólíkar hvað þetta varðar. Stefndi búi á X, þar sem fjölskyldan hafi búið alla tíð, og hafi aðgang bæði að dætrum sínum og fjölskyldu sinni, s.s. foreldrum, eftir að stefnandi fór af heimilinu. Stefnandi virðist aftur á móti hafa fjarlægst dætur sínar og fjölskyldu eftir skilnaðinn.

Matsmenn telja að kyn eða aldur geti skipt nokkru máli varðandi ákvörðun um forsjá drengjanna. D sé á afar viðkvæmum aldri varðandi brottflutning og nám í nýjum skóla og nýju umhverfi. Auk þess mæli staða hans í skóla og líðan hans almennt gegn flutningi úr núverandi aðstæðum. Áhrif breytinga fyrir E og F yrðu að öllum líkindum minni en yrði þeim báðum sennilega erfið og kallaði á mikinn skilning og aðgæslu svo ekki færi illa. Þá benda matsmenn á að E njóti ákveðinnar verndar á X varðandi sjúkdóm sem hann er með en hann kynni að verða fyrir aðkasti fjarri núverandi heimahögum.

Loks fjalla matsmenn um umgengni drengjanna við móður eftir að hún fór að heiman. Umgengnin hafi ekki verið reglubundin en þó nokkur. Hún hafi í byrjun kvartað undan því að faðir barnanna sýndi henni ekki skilning en það hafi breyst og nú séu hún nokkuð sátt. Stefndi beri ekki illan hug til stefnanda og vilji vera í góðum samskiptum við hana og stuðla að umgengni drengjanna við hana.

V

Niðurstaða

Í 2. mgr. 34. gr. barnalaga segir að dómari kveði á um hjá hvoru foreldra forsjá barns verði, eftir því sem barni er fyrir bestu. Í greinargerð með ákvæðinu eru talin upp ýmis atriði sem á reynir og koma til skoðunar við ákvörðun um forsjá barns. Þessi atriði eru m.a.: tengsl barns við hvort foreldri um sig, dagleg umönnun og umsjá, persónulegir eiginleikar og hagir hvors foreldris um sig, óskir barns, húsnæðismál, liðsinni vandamanna, breyting á umhverfi og umgengni barns og forsjárlauss foreldris. Eðli máls samkvæmt reynir með misjöfnum og mismiklum hætti á atriði þessi, allt eftir málsatvikum hverju sinni.

Þar sem nokkuð er um liðið frá því að álitserð matsmanna var unnin ræddu sérfróðu meðdómsmennirnir við eldri drengina tvo áður en aðalmeðferð hófst. Viðtölin fóru þannig fram að meðdómendur hittu drengina sinn í hvoru lagi þ.e. annar meðdómenda ræddi við D meðan hinn ræddi við E.

Í viðtali við eldri drenginn, D, kom fram að hann unni hag sínum vel hjá föður sínum og segist ekki vilja breyta fyrirkomulagi búsetu sinnar frá því sem nú er. Hann vill búa áfram á X þar sem hann hafi alltaf búið, hann eigi þar góða vini og vilji ekki skipta um skóla. Hann segist ennfremur hafa góð tengsl við systkini sín og vilji halda þeim tengslum óbreyttum eins og verið hefur.

E virtist, þrátt fyrir ungan aldur, hafa góðan skilning á tilgangi viðtalsins og sagði það vera til að ákvarða hvar hann myndi búa í framtíðinni. Hann sagðist vilja búa áfram við þær aðstæður sem hann væri í nú eða hjá föður sínum en fá síðan að heimsækja móður af og til. Hann sagði að sér liði vel í skólanum og heima hjá sér og gaf ekki til kynna annað en að þetta væri eindreginn vilji hans. Hann var inntur eftir því hvað honum þætti um það ef yngri bróðir hans, F, myndi búa hjá móður sinni og lét hann það lítið á sig fá. Hann velti því fyrir sér hvort F færi þá í heimsókn til pabba (M) þegar hann færi sjálfur til móður sinnar en virtist að öðru leyti ekki kippa sér upp við þessa hugmynd. Gerð var óformleg rannsókn á tengslamyndun hjá E og var ekki hægt að merkja annað en að hann tengist sterkt báðum foreldrum en einnig systkinum sínum og þá sérstaklega D. Í viðtalinu barst talið aðeins að heimsóknum hans til móður sinnar og virtist hann vera fremur óöruggur með núverandi hagi hennar, s.s. búsetu. Hann var þá spurður hvort móðir hans byggji ein og sagði hann að „C“ væri stundum hjá henni en að hann væri ágætur. Í stuttu máli var ekki hægt að merkja annað í þessu viðtali en að E vildi búa áfram við óbreyttar aðstæður. Hegðun hans, umhirða og allt spjall gaf ennfremur til kynna að þær aðstæður væru honum mjög góðar.

Við aðalmeðferð málsins komu aðilar og matsmenn fyrir dóminn. Matsmenn staðfestu matsgerð sína. Aðspurðir um það hvar hag drengjanna væri betur borgið

báru þeir báðir að betra væri fyrir drengina að vera hjá stefnda. Framburður þeirra hvað þetta varðar var í raun mun afdráttarlausari en fram kemur í matsgerð þeirra. Vitnið Helgi Viborg bar að hann og Einar Ingi hefðu verið sammála um að drengirnir væru hændir hver að öðrum og nytu mikils stuðnings innbyrðis og því væri ekki ráðlegt að aðskilja þá „og svo líka það að þeir eru í það góðum málum á X,“ eins og vitnið komst að orði. Vitnið Einar Ingi bar einnig að honum þætti ekki koma til greina að aðskilja drengina. Þá báru matsmennirnir báðir að það væri þeirra skoðun að ekki væri ráðlegt að yngsti drengurinn færi einn til móður sinnar. Vitnið Helgi taldi að á þeim tíma sem matið var unnið hafi stefnandi átt talsvert í land með að ná áttum og gera sér grein fyrir hvaða skyldur fælust í því að taka að sér börn. Þetta kynni að hafa breyst en þegar matið var unnið hafi hún ekki verið í stakk búin til þess. Þá bar hann að sér hafi þótt stefnandi uppburðarlítill og eiga erfitt með að taka ákvarðanir í lífi sínu.

Stefnandi bar fyrir dóminum að í dag hefði hún áhuga á að flytja búferlum norður í land til að auðvelda sér að vera með drengjunum. Hún hafi þó ekkert fast í hendi með það. Ekki kom fram hjá henni að breytingar hafi orðið á högum hennar varðandi atvinnu en hún býr í leiguhúsnaði. Fyrir liggur vottorð þjóðskrár þar sem fram kemur að stefnandi hefur frá skilnaði átt lögheimili á sex stöðum og tveimur stöðum frá því að matsmenn luku álitserð sinni. Á þessum tíma hefur hún verið í sambandi við C sem er dæmdur kynferðisafbrotamaður gagnvart eigin börnum. Hún kvaðst raunar vera búin að slíta því sambandi nýlega. Hún sagði reyndar slíkt hið sama við matsmenn í maí 2006 en var augljóslega í sambandi við hann áfram eftir það og ýmis gögn benda til að svo sé enn. Hún hefur sýnt mikið dómgreindarleysi hvað þetta samband varðar og m.a. látið börn sín gista hjá honum á Vernd þar sem hann var að ljúka afplánun.

Stefndi bar að hagir hans hefðu ekkert breyst frá því sem var við gerð matsins. Þó hafi heldur meiri regla komist á drengina en áður var. Hann kvaðst ekki hafa í hyggju neinar breytingar á búsetu sinni. Hann eigi nú kærustu en þau hafi ekki í hyggju að hefja búskap.

Fyrir liggur að stefndi er ekki líffræðilegur faðir yngsta drengsins, F. Hér verður því að leysa úr því hvort lög standa til þess að unnt sé að dæma stefnda forsjá hans. Áður en til þess kemur þykir rétt að fjalla fyrst um forsjá eldri drengjanna tveggja.

Það er mat dómsins að ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að ástæða sé til að gera breytingar á forsjá drengjanna frá því sem aðilar sömdu um við skilnað. Þeim líður augljóslega vel hjá stefnda og fram hafa verið lögð vottorð frá skólum drengjanna þar sem fram kemur að þeim virðist vegna ágætlega. Það er einnig í samræmi við núverandi vilja þeirra beggja samkvæmt viðtali við meðdómendur. Ekkert bendir til annars en stefndi ætli sér að búa áfram á X þar sem drengirnir eiga djúpar rætur, vini og fjölskyldu. Allnokkur munur er á aðstæðum aðila til að ala upp börn og eru allar aðstæður þeirra stefnda í hag. Þá er einnig rétt að horfa til þess að stefndi hefur farið með forsjá drengjanna allt frá skilnaði. Hann virðist hafa festu og ákveðinn aga í uppeldinu og hefur sett þeim ákveðin en eðlileg takmörk varðandi svefntíma og annað þess háttar. Þykir því engin ástæða til að raska neinu hjá þessum drengjum. Samkvæmt þessu er drengjunum fyrir bestu að stefndi fari áfram með forsjá þeirra.

Varðandi yngsta drenginn, F, þá liggur fyrir að matsmenn töldu í framburði sínum fyrir dóminum að hag hans, eins og bræðra hans tveggja, væri best borgið hjá stefnda. Raunar taldi matsmaðurinn Einar Ingi að það væri beinlínis andstætt hagsmunum drengsins að breyta forsjánni.

Þegar aðilar skildu gerðu þau með sér samkomulag um forsjá drengjanna og lá þá ekkert annað fyrir en að stefndi væri faðir þeirra allra. Samkomulag þetta var bindandi fyrir báða aðila en ætla verður að það hafi verið gert á grundvelli 32. gr. barnalaga. Það eitt að stefndi er ekki líffræðilegur faðir drengsins leiðir ekki til þess í þessu tilfelli að stefnandi fái forsjá hans þegar af þeirri ástæðu. Aðilar höfðu gert með sér bindandi samkomulag um forsjá hans og henni verður ekki breytt andstætt hagsmunum drengsins.

Það er mat dómsins að hag hans sé augljóslega betur borgið hjá stefnda en stefnanda. Dómendur eru sammála matsmönnum um að drengirnir hafi sterk tengsl innbyrðis og það muni hafa slæm áhrif á drenginn verði hann tekinn úr því umhverfi sem hann býr við í dag. Gilda hér sömu rök og um bræður hans. Hér má og horfa til þess að samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 32. gr. barnalaga er foreldrum heimilt að fela öðrum forsjá barns síns með samningi þótt raunar sé í þeim tilfellum gert ráð fyrir meðmælum barnaverndarnefndar með þeirri skipan. Einnig má hér horfa til 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en þar kemur fram í 1. mgr. að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðilar, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Þá þykir og rétt í þessu sambandi að horfa til ákvæða 1. og 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sem endranær skulu það vera þarfir og hagsmunir hvers barns sem ráða því hverjum er falin forsjá þess en hagsmunir foreldra skipta þar ekki máli. Samkvæmt því sem að framan er rakið skal stefndi áfram fara með forsjá F en það er mat dómsins að ákvæði 29. gr. barnalaga standi þessari niðurstöðu ekki í vegi.

Báðir aðilar kröfðust þess að inntak umgengnisréttar yrði ákveðið með dómi þessum. Umgengnisréttur skal vera þannig:

1. Regluleg umgengni. Stefnandi skal hafa reglulega umgengni við drengina aðra hverja helgi frá kl. 16:00 á föstudegi til kl. 18:00 á sunnudegi, í fyrsta sinn föstudaginn 2. mars 2007.
2. Umgengni um jól og áramót. Drengirnir dvelji hjá stefnanda um jól annað hvert ár, í fyrsta sinn árið 2008, frá kl. 12:00 á hádegi hinn 20. desember og til kl. 19:00 hinn 27. desember. Þá skulu drengirnir dvelja hjá stefnanda önnur hver áramót, í fyrsta sinn áramótin 2007-2008, frá kl. 12:00 á hádegi hinn 27. desember og til kl. 19:00 hinn 2. janúar.
3. Umgengni um páska: Drengirnir dvelji hjá stefnanda aðra hverja páska, í fyrsta sinn árið 2007, frá kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn fyrir páska og til kl. 19:00 á öðrum degi páska.
4. Sumarumgengni: Drengirnir dveljist hjá stefnanda í sumarleyfi í 4 vikur ár hvert, 2 vikur í senn. Jafnframt skal umgengni stefnanda við þá falla niður í 4 vikur í sumarleyfi stefnda með þeim. Stefnandi skal fyrir 1. apríl ár hvert láta stefnda vita

hvaða tími henti best til sumarleyfis hennar og barnanna og fyrir 1. maí ár hvert skulu aðilar hafa ákveðið sumarleyfi drengjanna með hvoru foreldri um sig.

Með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 622.500 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ekki þykja efni til að víkja frá þeirri meginreglu að sá sem tapar máli í öllu verulegu skuli að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Stefnandi fékk gjafsóknarleyfi með bréfum dómsmálaráðherra 14. nóvember 2005 og 7. mars 2006 og því greiðist gjafsóknarkostnaður hennar úr ríkissjóði, þar með talinn útlagður kostnaður, 61.660 krónur, og þóknun lögmanns stefnanda, Þuríðar Halldórsdóttur héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 622.500 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Kostnaður við gerð sérfræðilegrar álitsgerðar að fjárhæð 873.783 greiðist úr ríkissjóði.

Ekki þykir ástæða til að láta áfrýjun dómsins fresta réttaráhrifum hans.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þuríður Halldórsdóttir héraðsdómslögmaður en af hálfu stefnda Valborg Snævarr hæstaréttarlögmaður.

Dómurinn er kveðinn upp af Halldóri Halldórssyni dómstjóra og Ingþóri Bjarnasyni og Rúnari Helga Andrasyni, sálfræðingum.

DÓMSORÐ

Stefndi, M, skal fara með forsjá D, E, og F.

Stefnandi, K, skal hafa reglulega umgengni við drengina aðra hverja helgi frá kl. 16:00 á föstudegi til kl. 18:00 á sunnudegi, í fyrsta sinn föstudaginn 2. mars 2007. Drengirnir dvelji hjá stefnanda um jól annað hvert ár, í fyrsta sinn árið 2008, frá kl. 12:00 á hádegi hinn 20. desember og til kl. 19:00 hinn 27. desember. Þá skulu drengirnir dvelja hjá stefnanda önnur hver áramót, í fyrsta sinn áramótin 2007-2008, frá kl. 12:00 á hádegi hinn 27. desember og til kl. 19:00 hinn 2. janúar. Drengirnir dvelji hjá stefnanda aðra hverja páska, í fyrsta sinn árið 2007, frá kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn fyrir páska og til kl. 19:00 á öðrum degi páska. Drengirnir dveljist hjá stefnanda í sumarleyfi í 4 vikur ár hvert, 2 vikur í senn. Jafnframt skal umgengni stefnanda við þá falla niður í 4 vikur í sumarleyfi stefnda með þeim. Stefnandi skal fyrir 1. apríl ár hvert láta stefnda vita hvaða tími henti best til sumarleyfis hennar og barnanna og fyrir 1. maí ár hvert skulu aðilar hafa ákveðið sumarleyfi drengjanna með hvoru foreldri um sig.

Stefnandi greiði einfalt meðlag með hverjum drengjanna til 18 ára aldur þeirra hvers um sig.

Stefnandi greiði stefnda 622.500 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn útlagður kostnaður, 61.660 krónur, og þóknun lögmanns stefnanda, Þuríðar

Halldórsdóttur héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 622.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Kostnaður vegna öflunar álitserðar Einars Inga Magnússonar og Helga Viborg sálfræðinga, 873.783 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjun dómsins frestar ekki réttaráhrifum hans.

Halldór Halldórsson

Ingbór Bjarnason

Rúnar Helgi Andrason